



Reykjavík, 28. maí 2025
SFS25050082

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Stofnun farteyma leikskóla

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 26. maí 2025 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 14. maí 2025:

Lagt er til að stofnuð verði tvö farteymi með aðsetur í tveimur miðstöðvum, Suðurmiðstöð og Vesturmiðstöð til reynslu, frá 1. júní 2025 og tekið til endurskoðunar árlega vegna barna sem þurfa á verulegri sérstakri aðstoð eða þjálfun að halda til að geta notið leikskólagöngu sem best.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.
Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata, Flokks fólksins og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Tillagan felur í sér að stofnuð verði tvö farteymi með aðsetur í tveimur miðstöðvum, Suðurmiðstöð og Vesturmiðstöð til reynslu, frá 1. júní 2025 og tekið til endurskoðunar árlega vegna barna sem þurfa á verulegri sérstakri aðstoð eða þjálfun að halda til að geta notið leikskólagöngu sem best. Ákveðið var að úthluta föstu fjármagni til leikskóla eftir fjölda barna í hverjum leikskóla til þess að koma betur til móts við þarfir leikskólabarna með snemmtækri íhlutun. Það átti að gefa leikskólum tækifæri til þess að ráða fagfólk til þess að sinna sértækum stuðningi innan leikskólans. Því miður hefur reynsla þessa árs sýnt að ekki hefur tekist að ráða fagfólk til starfans í mjög mörgum leikskólum. Hlutfall leikskólakennara og uppeldismenntaðra starfsmanna í þeim leikskólum er afar lágt og því hefur reynst erfitt að koma til móts við þarfir einstaka barna. Reynslan hefur sýnt að það er auðveldara að fá leikskólasérkennara til starfa til þess að sinna ráðgjöf og handleiðslu í leikskólum ef ráðningarformið er ekki bundið við einstaka leikskóla. Þess vegna er lagt til að fara þá leið að ráða fagfólk í farteymi í reynsluskyni.

Virðingarfyllt

Steinn Jóhannsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs



Reykjavík



Hjálagt:
Tillaga ásamt greinargerð, dags. 14. maí 2025

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Tillaga um stofnun farteyma leikskóla

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að stofnuð verði tvö farteymi með aðsetur í tveimur miðstöðvum, Suðurmiðstöð og Vesturmiðstöð til reynslu, frá 1. júní 2025 og tekið til endurskoðunar árlega vegna barna sem þurfa á verulegri sérstakri aðstoð eða þjálfun að halda til að geta notið leikskólagöngu sem best.

Greinargerð:

Með vísan til tillögunnar er lagt til að horft verði til reynslu grunnskólanna af farteymum og að slíkum teymum verði komið á vegna leikskóla á grundvelli 14. gr. reglugerðar nr. 444/2019 um skólaþjónustu. Þar kemur eftirfarandi fram:

Sérstök aðstoð og þjálfun.

Telji skólastjóri og foreldrar að barn þarfnist sérstakrar aðstoðar eða þjálfunar til að geta notið leikskóla- eða grunnskólagöngu sem best, ber þeim að hafa samráð um hvort unnt sé að leysa málið innan skólans og/eða hvort leitað skuli til skólaþjónustu sveitarfélags eða annarra sérfræðinga. Verði aðilar sammála um að leita eftir slíkri þjónustu hlutast skólastjóri til um að sú þjónusta sé veitt. Skólastjóri ábyrgist að gerð sé áætlun sem byggir á markmiðum aðalnámskrár í samræmi við metnar sérþarfir.

Sveitarfélög skulu stuðla að því að þjálfun sem nemendur þurfa reglulega fari sem mest fram innan leik- og grunnskóla hjá viðeigandi sérfræðingum þótt aðrir aðilar en sveitarfélög veiti þjónustuna. Sveitarstjórn gerir sérstakan samning um þjónustuna.

Gert er ráð fyrir að ef á þarf að halda geti farteymin farið í verkefni í öðrum miðstöðvum. Teymið hefur fyrst og fremst það hlutverk að starfa innan þeirra leikskóla þar sem faghlutfall er lágt. Það mun vinna beint með börnum samhliða því að kenna og handleiða sérkennslustjóra, deildarstjóra og annað starfsfólk eftir því sem þörf krefur. Koma þannig af stað og skipuleggja stuðning við barn þannig að það verði virkur þátttakandi í leikskólastarfinu. Hámarkstími starfsmanns farteymis í beinni vinnu með barni er einn mánuður. Fagleg rök skulu ætíð styðja við val á námsaðferðum, hvort sem þörfum barnsins er mætt í hóp eða unnið með það eitt og sér. Öll færni sem barnið er að læra eftir gagnreyndum aðferðum í kennslu og þjálfun t.d. barn með einhverfu verða að miða að því að barnið geti stig af stigi aukið þátttöku sína í almennu leikskólastarfi.

Stjórnandi farteymis er fagstjóri leikskóla í miðstöð. 2-3 fagmenntaðir starfsmenn starfa í hvoru farteymi og eru stöðugildi þeirra fjármögnuð með því fjármagni sem úthlutað hefur verið til þess að koma til móts við börn sem þurfa á sértækum stuðningi að halda, en ekki hefur tekist að ráða starfsfólk til starfans í viðkomandi leikskóla.

Frá áramótum 2023/2024 voru gerðar breytingar á úthlutun fjármagns vegna stuðnings í leikskólum. Ákveðið var að úthluta föstu fjármagni til leikskóla eftir fjölda barna í hverjum leikskóla til þess að koma betur til móts við þarfir leikskólabarna með snemmtækri íhlutun. Einnig var ákveðið að úthluta áfram fjármagni til leikskóla til þess að koma til móts við þarfir barna sem þurfa á verulegri aðstoð og stuðningi að halda í daglegu lífi. Það gefur leikskólum tækifæri til þess að ráða fagfólk til þess að sinna sértækum stuðningi innan leikskólans.

Því miður hefur reynsla þessa árs sýnt að ekki hefur tekist að ráða fagfólk til starfans í mjög mörgum leikskólum. Hlutfall leikskólakennara og uppeldismenntaðra starfsmanna í þeim leikskólum er afar lágt og því hefur reynst erfitt að koma til móts við þarfir einstaka barna.

Reynslan hefur sýnt að það er auðveldara að fá leikskólasérkennara til starfa til þess að sinna ráðgjöf og handleiðslu í leikskólum ef ráðningarformið er ekki bundið við einstaka leikskóla. Þess vegna er lagt til að fara þá leið að ráða fagfólk í farteymi í reynsluskyni og fjármögnun þess komi úr pottinum D011.

Framkvæmd:

- Ráðnir verða 2-3 fagmenn í hvora miðstöð með sérhæfingu á sviði sérkennslu t.d. leikskólasérkennari, þroskafjálfari og/eða atferlisfræðingur. Fjármagn komi úr pottinum D011.
- Næsti yfirmaður er fagstjóri leikskólamála í viðkomandi miðstöð.
- Verkefnastjóri sérkennslu, fagstjórar og sérkennsluráðgjafar miðstöðva taka ákvörðun um það hvar neyðin er mest og stýra því í hvaða leikskóla fagaðili úr farteyminu fer.
- Það sem helst ræður er staða ráðninga leikskólans til þess að koma á móts við þarfir einstaka barna. Það hefur verið reynt að ráða í fagstöðugildi en ekki gengið.
- Að fengnu samþykki leikskólastjóra í samvinnu við sérkennslustjóra, deildarstjóra og foreldra í viðkomandi leikskóla kemur fagmaður úr teyminu tímabundið til starfa í viðkomandi leikskóla.
- Í samvinnu við sérkennslustjóra og deildarstjóra er starfsmaður á deildinni fenginn til þess að vera lykilpersóna barnsins (starfsmaður sem er fús til að taka að sér þjálfun barnsins í samráði við stuðningsteymi barnsins). Fagaðili úr farteyminu gerir áætlun til a.m.k. fjögurra vikna með stuðningsteymi barnsins og stýrir innleiðingu áætlunarinnar. Reglulega er metinn árangur af viðbrögðum og áætlunin aðlöguð í samræmi við niðurstöður matsins.
- Á þessum fjórum vikum reynir leikskólastjóri að ráða inn á deildina starfsmann til þess að sinna almennu starfi inni á deildinni í stað þess starfsmanns sem gerdist lykilpersóna barnsins.
- Fagleg rök skulu ætíð styðja við val á námsaðferðum, hvort sem þörfum barnsins er mætt í hóp eða unnið með það eitt og sér. Öll færni sem barnið er að læra eftir gagnreyndum aðferðum í kennslu og þjálfun t.d. barn með einhverfu, verða að miða að því að barnið geti stig af stigi aukið þátttöku sína í almennu leikskólastarfi.
- Fagaðili farteymis fylgir málum eftir að eiginlegri þátttöku lýkur og er í góðu samstarfi við sérkennsluráðgjafa í hverfi leikskólans.

- Við lok aðkomu farteymis vinnur viðkomandi fagaðili í samvinnu og samstarfi við viðkomandi stuðningsteymi og leikskólastjóra lokamat um málið og skilar því til fagstjóra í miðstöð sem tekur ákvörðun um framhaldið.
- Náist ekki árangur í máli er því vísað í viðeigandi farveg hjá fagstjóra miðstöðvar í samvinnu við stuðningsteymi barnsins og viðkomandi leikskólastjóra.
- Farteymi skilar ársskýrslu í lok hvers skólaárs þar sem ópersónurekjanleg samantekt á vinnslu og fjölda mála eftir skólum kemur fram, eðli þeirra og umfang er tekið saman ásamt markmiðum fyrir næsta ár.
- Farteymið vinnur eftir verkferlum Betri borgar fyrir börn (BBB) í samráði og samstarfi við aðra aðila sem hafa haft aðkomu að máli viðkomandi barns s.s. stuðningsteymi, lausnateymi, tengilið, málsstjóra, sérfræðinga BBB, Barnavernd og aðrar stofnanir sem börn varða s.s. Ráðgjafar- og greiningarstöð, BUGL og fleiri.

Fjárhagsleg áhrif

Kostnaðar vegna þessara breytinga rúmast innan fjárheimilda skóla- og frístundasviðs.